



Velkomin á ársfund Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

19. mars 2024

Fundurinn hefst klukkan 17:00

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is

Dagskrá

1. Ávarp formanns og skýrsla stjórnar
2. Yfirferð framkvæmdastjóra yfir starfsemi sjóðsins
 - a. ársreikningur
 - b. tryggingafræðileg athugun
 - c. fjárfestingarstefna
 - d. skipan stjórnar
 - e. skipan fulltrúaráðs
3. Kynning á hluthafastefnu LV

Dagskrárliðir 4 til 8 eru bornir undir atkvæði fulltrúa í fulltrúaráði LV

4. Starfskjarastefna, breytingar
5. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna
6. Tillögur að stjórnarlaunum
7. Tillögur stjórnar að endurskoðanda
8. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum
9. Kynning á þáttum í þjónustu lífeyrissjóðsins
10. Önnur mál



1. Ávarp formanns og skýrsla stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson





2. Yfirferð framkvæmdastjóra yfir starfsemi sjóðsins

Guðmundur Þ. Þórhallsson



Árið 2023

Samantekt - Sameignardeild

- Viðunandi nafnávöxtun, innlendir og erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu í lok ársins
 - Nafnávöxtun 8,6%
 - Raunávöxtun 0,5%

Nafnávöxtun eignaflokka

 - Erlend verðbréf 11,9%
 - Innlend hlutabréf 0,3%
 - Innlend skuldabréf skiluðu 9,1%
- Tryggingafræðileg staða í lok árs 2023 -6,8%, var í upphafi árs -5,6%
- Hrein eign sameignardeildar hækkaði um 114 milljarða á árinu og nam í árslok 1.256 ma.
- Ráðstafað var 66,9 ma. til verðbréfakaupa
- Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins námu 47,9 ma. og hækkuðu um 12,7%
- Alls voru greiddir 34,8 ma.kr. til 25 þúsund sjóðfélaga og nam hækkun lífeyrisgreiðslna 30,8%
- Lánveitingar til sjóðfélaga námu 12,2 ma. og er það annað árið í röð sem lánað er umfram uppgreiðslur
- Innleiðing sjálfbærnivegferðar er umfangsmikið verkefni. Nýsamþykktar reglugerðir SFDR og EU Taxonomy .
Á eignastýringarsviði var stofnað sjálfbærnitemi til greiningar á sjálfbærniáhættum í eignasöfnum og við fjárfestingarákvarðanir



Árið 2023


Samantekt

- Umfangsmiklar samþykktabreytingar komu til framkvæmda í upphafi árs
 - Aðlögun sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga
 - Réttindi endurreiknuð, háð aldri – Mismikil lækkun á mánaðarlegum réttindum
 - 12% hækkun réttinda
 - Aukinn makalífeyrisréttur
 - Bætt örorkutrygging sjóðfélaga, varðar framreikningsrétt
 - Sjóðfélagi höfðaði dómsmál gagnvart sjóðnum vegna ákvæðis í samþykktabreytingum þar sem áunnin lífeyrisréttindi voru endurreiknuð háð aldri. Í dómi héraðsdóms var fallist á kröfur stefnanda þ.e. að óheimilt væri að lækka réttindi eftir aldri.
 - Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað og fyrir liggur samþykki Hæstaréttar á málskotsbeiðni sjóðsins. Vænta má dómnsniðurstöðu á árinu.
 - Áhrif á tryggingafræðilega stöðu ef Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms eru um -4,5% og yrði áætluð staða -11,3% um sl. áramót sem er undir lögbundnu lágmarki. Ábending er í áritun endurskoðanda í ársreikningi vegna þessarar óvissu.
 - Jarðhræringar í og við Grindavík
 - Sjóðurinn á fjárfestingareignir á því svæði sem jarðhræringar eiga sér stað
 - Samtals fjárhæð lána til íbúa í Grindavík er óveruleg. Samkomulag liggur fyrir um aðkomu lífeyrissjóða að stuðningsðagerðum stjórnvalda
- } - Samtals 7,2% hækkun á lífeyrisgreiðslum
- Mánaðarleg réttindi yngri aldurshópa lækka um allt að 3,5%



Próun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris árið 2023

Sameignardeild - Í milljörðum króna





Löggjöld

Sameignardeild og séreign - Í milljónum króna

	2023	2022
Sjóðfélagar	13.172	11.663
Launagreiðendur	34.200	30.412
Framlag v/jöfnunar örorkubyrði	568	460
Samtals	47.940	42.535
Breyting milli ára	12,7%	




Lífeyrisgreiðslur

Sameignardeild og séreign - Í milljónum króna

	2023	2022
Ellilífeyrir	26.172	19.316
Örorkulífeyrir	5.498	4.609
Maka- og barnalífeyrir	1.525	1.323
Séreignargreiðslur	1.266	1.096
Samtals	34.461	26.344
Breyting milli ára	30,8%	15,0%
Fjöldi einstaklinga á lífeyri í árslok í sameignardeild	25.048	22.737



Skipting lífeyrisgreiðslna 2023





Fjöldi á lífeyri

	2023	2022
Ævilangur lífeyrir	17.852	15.683
Örorkulífeyrir	4.865	4.800
Makalífeyrir	1.744	1.674
Barnalífeyrir	587	580
Samtals	25.048	22.737
Breyting milli ára	10,2%	



Fjárfestingartekjur


Sameignardeild - Í milljónum króna (Nafnávöxtun %)

	2023	Nafnávöxtun	2022	Nafnávöxtun
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	553	0,3%	-26.591	-11,7%
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	59.526	11,9%	-41.414	-7,8%
Innlend skuldabréf	39.908	9,1%	27.019	6,5%
Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur	1.202		123	
Bein fjárfestingargjöld	-494		-526	
Samtals	100.695	8,6%	-41.389	-3,6%



Raunávöxtun sameignardeildar

Árleg meðalraunávöxtun






Rekstrarkostnaður

Í milljónum króna

	2023	2022
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.718	1.497
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,14%	0,13%
Umsýslugjöld til innlendra og erlendra eignastýrenda	0,34%	0,31%
Starfsfólk í árslok	59	57
Stöðugildi á árinu	57,6	54,2

Skipting skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar

Í milljónum króna






Efnahagsreikningur

Í milljónum króna

	2023	2022
Eignarhlutar í erlendum félögum og sjóðum	581.348	506.337
Eignarhlutar í innlendum félögum og sjóðum	203.941	205.637
Skuldabréf	359.519	332.644
Veðskuldabréf	128.193	113.702
Bankainnstæður	10.593	12.159
Aðrar eignir	5.546	3.986
Skuldir	-1.619	-1.354
Samtals	1.287.521	1.173.111




Eignasamsetning sameignardeildar í árslok 2023





Hreint ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga

Í milljörðum króna



- Heildar ráðstöfun til nýfjárfestinga 66,9 milljarðar króna




Séreignardeildir

Í milljónum króna

	2023	2022
Inngreiðslur	3.072	2.654
Útgreiðslur	1.266	1.096
Heildareignir	31.029	27.006
Fjöldi með inneignir	54.381	52.913



Ávöxtun séreignaleiða á árinu 2023



Verðbréfaeið fylgir fjárfestingarstefnu sameignardeildar


Ævileið I er í grunninn 50% skuldabréf og 50% hlutabréf

Ævileið II er áhættuminni og með um 75% skuldabréf og 25% hlutabréf

Ævileið III er áhættuminnsta leiðin með um 80% í skuldabréfum og 20% í innlánnum eða lausafjárjóstum



Hvað er tryggingafræðileg staða?



Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins

Helstu forsendur

- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlifendatöflur (lifslíkur)
Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutiðni


Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil

+/- 10% í árslok



Tryggingafræðileg staða



- Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins
- Tryggingafræðileg staða er mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum
- Hafa ber í huga að sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu
- Tryggingafræðileg staða í árslok 2023 ef hæstiréttur myndi staðfesta dóm héraðsdóms er áætluð -11,3%



Tryggingafræðileg staða


Í milljörðum króna

	2023	2022
Áfallin staða	-118,2	-84,6
% af áföllnum skuldbindingum	-8,6%	-6,9%
Framtíðarstaða	-24,2	-22,6
% af framtíðarskuldbindingum	-3,3%	-3,3%
Heildarstaða umfram skuldbindingar	-142,4	-107,2
% af heildarskuldbindingum	-6,8%	-5,6%



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2023

Há verðbólga og ávöxtun undir viðmiði höfðu áhrif til lækkunar





Fjárfestingarstefna sameignardeildar

- Hagsmunir sjóðfélaga að leiðarljósi
- Fjárfestingar taka mið af arðsemi og áhættudreifingu
- Aukið vægi samfélags- og sjálfbærnisjónarmiða við fjárfestingar og eignastýringu
- Tryggingafræðileg staða og lífeyrisbyrði
- LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun fjárfestingarstefnu



Fjárfestingarstefna sameignardeildar fyrir árið 2024

Eignaflokkur	Vægi 30.9.2023	Stefna 2024	Lágmark	Hámark
1. Ríkisskuldabréf	13,3%	13,5%	7,5%	30%
2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf	20,2%	20,3%	10%	30%
3. Önnur skuldabréf	6,5%	6,8%	0%	15%
4. Innlend hlutabréf	15,1%	14,2%	7,5%	30%
5. Innlent laust fé	0,5%	0,3%	0%	10%
6. Erlend hlutabréf	35,2%	22,4%	10%	50%
7. Erlend skuldabréf	9,1%	22,4%	0%	40%
Samtals	100,0%	100,0%		

Um er ræða takmarkaðar breytingar
frá árinu 2023

- LV er komið í efri mörk erlendra eigna m.v. núverandi heimildir í lögum

Mikilvægt að hafa í huga að stefna til ársloka
2024 er mörgum forsendum háð

- Breytingar á mörkuðum hafa áhrif á innbyrðis vægi eignaflokka
- Fjárfestingatækifæri sem eru ófyrirséð við gerð stefnunnar



Tilnefningar í stjórn

- Stjórn skipuð átta einstaklingum
 - Fjórir tilnefndir af VR
 - Þrír af Samtökum atvinnulífsins
 - Einn af Félagi atvinnurekenda



Tilnefningar VR

Aðalmenn

- Bjarni Þór Sigurðsson
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Helga Ingólfisdóttir
- Stefán Sveinbjörnsson

Varamaður

- Ólafur Reimar Gunnarsson



Tilnefningar Samtaka atvinnulífsins

Aðalmenn

- Árni Stefánsson
- Jón Ólafur Halldórsson
- Sigrún Helgadóttir

Varamaður

- Bjarni Már Gylfason



Tilnefningar Félags atvinnurekenda

Aðalmenn

- Guðrún Ragna Garðarsdóttir

Varamaður

- Páll Rúnar M. Kristjánsson



Skipan fulltrúaráðs

Aðildarsamtök sjóðsins starfrækja fulltrúaráð sem skipað er 50 fulltrúum

- VR skipar 25
- Samtök atvinnulífsins 23
- Félag atvinnurekenda 2



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is



3. Kynning á hluthafastefnu


Tómas N. Möller

forstöðumaður lögfræðisviðs



Kynning á hluthafastefnu LV

- Tilgangur hluthafastefnu er að áréttu atriði sem sjóðurinn leggur áherslu atriði sem varða stjórnarhætti
- Hluthafastefna sjóðsins myndar heild með stefnum LV um ábyrgar fjárfestingar
- Áhersla á verðmætasköpun til langs tíma, góða stjórnarhætti, jafnræði hluthafa og reglur
- Stefnan var uppfærð 23. nóvember 2023 - Vegvísar:
 - Reynsla LV,
 - Innlend og erlend þróun
 - samtöl við hagaðila,
 - þróun evrópuréttar,
 - áhersla á sjálfbærni,
 - aukin virkni eigendahlutverks LV



Meðal nýmæla í uppfærðri hluthafastefnu

- Ítarlegri ákvæði um starfskjarastefnur og upplýsingar um framkvæmd
- Fyrirtæki hvött til að setja reglur um viðskipti tengdra aðila
- Áhersla á að félög birti viðeigandi upplýsingar varðandi sjálfbærni
- Æskilegt að formaður stjórnar sé kosinn beint á hluthafafundi.
- Áhersla er lögð á að félög móti sér stefnu varðandi arðgreiðslur og tengd atriði
- Ítarlegri ákvæði um tilnefningarnefndir, skipan þeirra, hlutverk
- Áherslur á hlutverk stjórnna félaga - Til að mynda varðandi ráðningu forstjóra og upplýsingagjöf

- Virk og góð samskipti við félög um áherslu LV – Áframhald á þeirri vegferð





Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is



4. Starfskjarastefna
5. Skipan nefndar um laun stjórnarmanna
6. Laun stjórnar
7. Val á endurskoðanda





Breyting á starfskjarastefnu

Breytingartillaga: Stefnunni er ætlað að styðja við traustan rekstur og það markmið lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum góða þjónustu. Starfskjarastefnu sjóðsins er því ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og að hann hafi þannig á að skipa hæfu og reyndu starfsfólki sem er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé vel samkeppnisfær. Einnig að hugað sé vel að verðmætasköpun og hagsmunum sjóðfélaga til skemmri og lengri tíma, að styðja við áherslur sjóðsins varðandi áhættustýringu, þar með talið sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og að rekstur sé í samræmi við bestu viðmið.

Skýringar: Með vísan til framangreindrar tilvitnunar í yfirlýsingu LV vegna 5. gr. reglugerðar ESB nr. 2019/2088, um að greina sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og útskýra fyrir endafjárfesta (SFDR) er lagt til að eftirfarandi breytinga verði gerð á 2. mgr. 1. gr. starfskjarastefnu LV, sbr. rauðmerкта textann



Kosning: Starfskjarastefna



Samþykkir fulltrúi í fulltrúaráði starfskjarastefnu LV?



Fulltrúar í nefnd um laun stjórnarmanna

Tilnefningar, tímabil 2024 til 2026

- Aðalmenn:
 - Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar LV, án tilnefningar
 - Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR
 - Jón Ólafur Halldórsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
 - Anna Kristín Kristjánsdóttir, tilnefnd af Félagi atvinnurekenda
- Varamenn:
 - Jónas Yngvi Ásgrímsson, tilnefndur af VR
 - Margrét Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

Kosning: Fulltrúar í nefnd um laun stjórnarmanna



Samþykkir fulltrúi í fulltrúaráði tilnefningar í nefnd um laun stjórnarmanna?



Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

Umgjörð stjórnarlauna

- Mánaðarlaun formanns eru tvöföld stjórnarlaun og varaformanns ein og hálf stjórnarlaun.
- Varamenn frá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja.
 - Þá fá varamenn mánaðarlegar greiðslur sem nema 15% af mánaðarlegum greiðslum aðalmanns. Með því er varamönnum greidd þóknun fyrir þá vinnu sem ætla má að fari í að fylgjast með starfsemi sjóðsins.
 - Einnig fá varamenn greiðslu sem nemur einum mánaðarlaunum aðalmanns ef þeir undirgangast hæfismat Fjármálaeftirlitsins með þeim hætti að þeir fara í viðtal hjá matsnefnd. Ætla má að undirbúningur fyrir hæfismat geti hæglega verið um 30 til 60 klukkustundir.



Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

Tillaga að hækkun stjórnarlauna lögð fyrir ársfund LV

- Lagt er til að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Laun breytast því sem hér segir:
 - Laun formanns verða kr. 464.760 á mánuði, hækka úr kr. 450.131.
 - Laun varaformanns verða kr. 348.570 á mánuði, hækka úr kr. 337.598
 - Laun aðalmanns verða kr. 232.380 á mánuði, hækka úr kr. 225.065.
 - Mánaðarlegar greiðslur til varamanna verða kr. 34.856, hækka úr kr. 33.759.
- Einnig er lagt til að greitt verði 2% mótframlag vegna lífeyrissparnaðar í séreign vegna launa stjórnar og fyrir setu í endurskoðunarnefnd.

Greiðslur fyrir aukafundi

- Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til allt að sjö funda og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu ári, einn í mánuði en ekki er fundað í júlí. Þá er árlega vinnu og stefnumótunarfundur stjórnar sem er almennt rúmlega einn starfsdagur.



Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

Tillaga að hækkun launa fyrir setu í undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd

- Laun endurskoðunarnefndar hafa verið greidd í einni árlegri greiðslu en nú er lagt til að greiðslur verði mánaðarlega.
- Lagt er til að þau taki sömu breytingum og stjórnalaun, þ.e. 3,25%
 - Laun formanns verða kr. 145.998, en voru áður kr. 141.402.
 - Laun annarra nefndarmanna verða kr. 72.999, en voru áður kr. 70.701.



Kosning: Tillögur að stjórnarlaunum og laun vegna setu í endurskoðunarnefnd



Samþykkir fulltrúi í fulltrúaráði tillögur að stjórnarlaunum nefndarmanna í endurskoðunarnefnd?



5. Val á endurskoðanda

Stjórn leggur til að KPMG verði áfram ráðinn endurskoðandi sjóðsins og áritunarendurskoðandi Hrafnhildur Helgadóttir löggiltur endurskoðandi hjá KPMG.



Kosning: Val á endurskoðanda



Samþykkir fulltrúi í fulltrúaráði val á endurskoðanda?



8. Samþykktabreytingar

Tómas N. Möller,
forstöðumaður lögfræðisviðs




Yfirlit samþykktabreytinga

Tillögur stjórnar til breytingu á samþykktum LV, lagðar fram á ársfundi sjóðsins 19. mars 2024

- 1) Tilgreining ensks hjáheitis LV í samþykktum sjóðsins.
- 2) Breyting á tímaviðmiðum varðandi boðun ársfunda og aukaársfunda sjóðsins, og birtingarforms auglýsingar.
- 3) Uppfærsla á ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir séreignasparnaðar LV.
- 4) Uppfærslu á viðauka A við samþykktir LV:
 - a) Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári
 - b) Tafla II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.
- 5) Gildistaka

Um breytingu á töflu I í viðauka A við samþykktir LV

Samanburður á réttindatöflum; ný vs núgildandi



Skýringar: Þegar nýjar lífslíkutöflur voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra í desember árið 2021 fólu þær í sér spá um hækkandi lífaldur, sem aftur myndi leiða til þess að staða sjóðsins veiktist um nálægt 0,1% á ári, ef ekkert væri að gert. Þess vegna var það kynnt við breytingar á samþykktum vorið 2022 að samþykkja þyrfti nýjar réttindatöflur með á tveggja til fjöggra ára fresti, þar sem tekið yrði mið af spánni og nýjustu útreikningum um lífslíkur og aðrar tryggingafræðilegar forsendur. Nú liggja fyrir nýjar sérhæfðar lífslíkur fyrir sameignardeild sjóðsins í nóvember 2023 og hefur sú uppfærsla á lífslíkum um -0,1% áhrif á framtíðarstöðu sjóðsins. Búast má við réttindatöflur sjóðsins muni breytast reglulega með hliðsjón af þróun tryggingafræðilegra forsendna.

Kosning: Samþykktabreytingar



Kosið er um hverja breytingatillögu.



Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is



9. Þjónusta við sjóðfélaga

Hildur Hörn Daðadóttir,
forstöðumaður rekstrarsviðs

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is





Sjóðurinn fagnaði 67 ára starfsafmæli


Breyttum ákvæðum um upphaf töku ævilangs lífeyris úr 65 ára í 60 ára

Framkvæmdum sérstaka könnun um hvenær almenningur telur líklegt að hann muni hefja töku eftirlauna

67 ára


Hvað þýðir það?

Hvenær langar þig að hætta að vinna og fara á eftirlaun ef þú gætir valið?






Hvenær telur þú að líklegt sé að þú munir hefja þín eftirlaun miðað við þinn sparnað, réttindi og aðstæður?





- ...langar þig að hætta að vinna og fara á eftirlaun
- ...telur þú að líklegt sé að þú munir hefja þín eftirlaun



2 af hverjum 3 langar að hætta
að vinna 65 ára eða fyrr.

1 af hverjum 3 telja það raunhæft.

Hvað af eftirfarandi telur þú að myndi henta þér best?



■ Vera í föstu starfi en minnka starfshlutfall og fá lífeyri á móti

■ Hætta alfarið að vinna og fá fullan lífeyri


■ Eiga kost á að vinna þegar ég vil en fá líka lífeyrisgreiðslu

Aðeins 21,6% vilja hætta alveg að vinna

Hvernig lítur þetta út hjá LV?

Nokkrir möguleikar

- Hálfur lífeyrir
- Upphaf töku ævilangs nú frá 60 ára
- Tilgreind séreign laus frá 62 ára aldri með reglubundnum greiðslum til 67 ára
- Viðbótarlífeyrissparnaður laus frá 60 ára aldri.




Aldur sjóðfélaga við upphaf töku ævilangs lífeyris hjá LV


Þeim fjölgar sem fá greiddan lífeyri

34,5 makr. greiddar út á árinu
til yfir 26 þúsund sjóðfélaga

Fjöldi lífeyrisþega 2014–2023



Lífeyrisgreiðslur 2014–2023
í milljónum króna





Þjónusta til sjóðfélaga

- Unnum í upplýsingaefni eins og reiknivélum og kynningum í tengslum við töku lífeyris
- Gerðum ráðgjöf aðgengilegri þar sem hægt er að panta sérstakan tíma
- Útgreiðsluráðgjöf út frá mismunandi sviðsmyndum
- Skiptingu réttinda
- Tilgreind séreign



Ertu að huga að starfslokum?

Hagnýtar upplýsingar um upphaf lífeyristöku, hverju það breytir hvenær lífeyristaka byrjar, hvernig er gott að bera sig að við að hefja lífeyristöku o.fl.

Nánar



Taktu stöðuna í hálfleik

Timinn flýgur. Við miðjan aldur er skynsamlegt að kanna réttindi þín og gera ráðstafanir í tíma svo þú getir haft það eins og þú vilt eftir vinnu.

Nánar



Fyrsta vinnan?

Byrjaðu forlínin með allt á hreinu! Smelltu til að kynna þér það helsta sem þú þarft að vita um lífeyrismál þegar þú tekur fyrstu skrefin á vinnumarkaði.

Nánar



Fyrstu kaup?

Séreignarsparnaðurinn þinn getur hjálpað þér til við að fjármagna þína fyrstu íbúð - og það skattfrjálst! Nýttu þér hagkvæmasta sparnaðarformið.

Nánar



Makamissir

Makamissir hofur óhagkvæmlega miklar breytingar í för með sér. Makalífeyrir er mikilvægur þáttur í fjárhagslegu öryggi fjölskyldunnar við slíkar aðstæður.

Nánar



Ertu óvinnufær?

Þú átt rétt á örorkulífeyri ef starfsgeta þín skerðist vegna sjúkdóms eða slýs þannig að trúnaðarlæknir sjúðsins meti skerðinguna til a.m.k. 50% örorku.

Nánar



Sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi greiða bæði framlag atvinnurekenda og launþegans í lífeyrissjóð og þurfa að þekja báðar hliðar. Við veitum upplýsingar og góð ráð.

Nánar



Varstu að byrja í nýrri vinnu?

Ertu að byrja á nýjum vinnustaði eða fara í nýtt starf? Hér eru nokkrar ábendingar sem gætu gagnast þér.

Nánar



Breytingar hjá fjölskyldunni?

Við breytingar hjá fjölskyldunni er oft ríkt ástæða til að skoða hvaða áhrif þær hafa á réttindi þín eða annarra í fjölskyldunni.

Nánar



Vilt þú fá kynningu á lífeyrismálum fyrir starfsfólk?

Hafðu samband ef þú hefur áhuga á að fá sérfræðing í lífeyrismálum á þinn vinnustað til að veita ráðgjöf eða flytja stutta kynningu og svara spurningum.

[Hafa samband](#)

1

- Almenn kynning
- 30 mínútur

2

- Minni hópur
- Ungt fólk
- Hálfleikur
- Starfslok

3

- Einstaklingsráðgjöf
- Á vinnustaðnum



10. Önnur mál





Kærar þakkir fyrir komuna á ársfund Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

19. mars 2024

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

—
live.is